

Priðjudaginn 10. febrúar 1976.

Nr. 27/1976. Sigurður Jónsson

gegn

Jóni V. Guðjónssyni.

Dó m e n d u r :

hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Benedikt Sigurjónsson og Björn Sveinbjörnsson.

Kærumál. Vanhæfi dómara.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 21. janúar 1976, sem barst Hæstarétti 2. febrúar 1976, hefur sóknaraðili með heimild í 21. gr., 1. mgr., 1. tl. a, laga nr. 75/1973 kært til Hæstaréttar úrskurð bæjarþings Reykjavíkur, uppkveðinn 15. janúar 1976. Með úrskurði þessum var hrundið kröfu sóknaraðilja um, að Hrafn Bragason borgardómari víki sæti í bæjarþingsmáli milli varnaraðilja og sóknaraðilja. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og að héraðsdómarinn víki sæti í málinu.

Af hálfu varnaraðilja er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Sóknaraðili hefur ekki sýnt fram á, að afstöðu héraðsdómarans til máls þessa eða aðilja þess sé þannig háttað, að honum sé skylt að víkja dómarasæti í málinu vegna ákvæða 7. tl. 36. gr. laga nr. 85/1936, svo sem sóknaraðili krefst. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Dæma ber sóknaraðilja til að greiða varnaraðilja 8.000 krónur í kærumálskostnað.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Sigurður Jónsson, greiði varnaraðilja, Jóni V. Guðjónssyni, 8.000 krónur í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 15. janúar 1976.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar þann 13. janúar sl., hefur Jón V. Guðjónsson, Unnarbraut 5 á Seltjarnarnesi, höfðað með stefnu, birtri 8. apríl sl., fyrir bæjarþingi Reykjavíkur á hendur Sigurði Jónssyni, Blómvöllum, Seltjarnarnesi.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði gert að greiða honum kr. 68.725 með 9% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og sakarkostnað að mati dómsins.

Af hálfu stefnda hefur verið sótt þing og þær kröfur gerðar, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda. Jafnframt krefst hann málskostnaðar úr hendi hans að mati dómsins. Þá hefur hann með stefnu, birtri 16. september 1974, höfðað gagnsakarmál á hendur stefnanda. Hann gerir þær kröfur, að stefnandi greiði honum kr. 100.000 ásamt 13% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags, að stefnanda verði með dómi að viðlögðum dagsektum, kr. 2.000 á dag, gert skylt að afhenda honum tryggingarvixil að fjárhæð kr. 20.000. Loks krefst hann málskostnaðar í gagnsökinni að mati dómsins.

Stefnandi gerir þær kröfur, að hann verði sýknaður af öllum gagnkröfum stefnda, og krefst málskostnaðar úr hendi hans í gagnsökinni.

Stefndi, Sigurður Jónsson, hefur gert þær kröfur, að dómari málsins víki sæti, og er sú krafa hér til úrlausnar.

Málsatvik eru þau, að með húsaleigusamningi, dags. 15. september 1969, tók stefndi á leigu hjá stefnanda húsið Blómvelli á Seltjarnarnesi ásamt bílskúr frá 1. október 1969 til 1. október 1970. Umsamin húsaleiga var kr. 9.000 á mánuði, og skyldi hún greiðast mánaðarlega fyrirfram. Til tryggingar ófyrirsjáanlegum kostnaði vegna leigusamningsins samþykkti stefndi tryggingarvixil að fjárhæð kr. 20.000, sem afhentur var stefnanda til geymslu. Er leigumálinn rann út þann 1. október 1970, fékk stefndi umræddar eignir áfram á leigu. Umræddur samningur hefur síðan framlengst frá ári til árs, eða þar til stefndi sagði honum upp 3. desember 1973 miðað við 14. maí 1974. Á samningstímanum var leigan hækkuð þannig, að mánaðarleigan skyldi vera kr. 13.745 frá og með október 1973. Stefndi hefur greitt umsamda leigu til nóvemberloka 1973, en ekki lengur. Stefndi sækir stefnda um leigu fyrir tímabilið desember 1973 til apríl 1974, eða fyrir 5 mánuði, kr. 13.745 á mánuði.

Stefndi kveðst á árinu 1971 hafa orðið var við rottugang í

húsnæðinu og megn óþefur hafi verið í því allan leigutímann. Hann hafi mörgum sinnum kvartað við stefnanda út af þessu, en stefnandi hafi talið þetta stafa frá opnum skurðum austanmegin við húsið. Fenginn hafi verið meindýraeyðir frá borgarlækni, sem hafi komið mörgum sinnum til að eittra fyrir rotturnar, en það hafi ekki borið árangur. Síðast hafi hann komið í júlímánuði 1973 og þá uppgötvað, að holræsi hafði verið undir húsinu, og var það opið, og lagði óþefinn þaðan upp um sprungu á gólfi íbúðarinnar. Stefnanda hafi verið tilkynnt þetta og hafi hann þá viðurkennt að hafa vitað þetta allan tímann, þar sem hann hefði sjálfur tekið skólpið úr sambandi undir húsinu. Hann hafi lofað að brjóta upp gólfið og lagfæra þetta, en hafi dregið það fram í október 1973. Þá hafi hann brotið upp gólfið, lokað gamla ræsinu, en skilið eftir tvö göt á innri forstofu. Óþefurinn hafi magnast við þetta, enda hafi gagnstefndi ekki gengið frá götunum fyrr en 1. maí 1974, eftir að hann hafi fengið bréf frá borgarlækni um að lagfæra þetta, þar sem heilsu íbúanna gæti stafað hættu af þessum megn óþef. Stefndi hafi flutt úr húsinu 14. maí 1974. Stefndi byggir gagnkröfu sína á því, að stefnandi hafi í verulegum atriðum vanefnt leigusamninginn við hann. Í fyrsta lagi hafi leigt húsnæði ekki fullnægt þeirri grundvallarreglu að vera í leiguhæfu ástandi allan leigutímann. Í öðru lagi hafi stefndi ekki getað notað bílskúrinn á fullnægjandi hátt hluta leigutímans, þar sem stefnandi hafi ekki efnt loforð um að endurbæta hitann í honum. Loks eigi stefndi í þriðja lagi rétt á þóknun fyrir að hafa málað leigt húsnæði í tvö skipti. Þá segir hann, að krafan um afhendingu tryggingarvixilsins, kr. 20.000, skýri sig sjálf, enda sé víxillinn eign stefnda, þar sem leigumálinn sé fallinn niður fyrir löngu.

Stefndi hefur „deponerað“ kr. 36.191, sem hann telur vera fullnægjandi greiðslu vegna leigunnar á Blómvöllum, þar sem hækkunarir þær, sem urðu á húsaleigunni, hafi ekki verið heimilar lögum samkvæmt.

Stefnandi og stefndi hafa komið fyrir dóm þann 7. maí 1975. Eftir að aðiljar höfðu báðir gefið skýrslur sínar, voru reyndar sættir með þeim. Um þessar sáttatilraunir er ekkert bókað í þinghaldinu, enda áður bókað um árangurslausar sáttatilraunir. Eftir að stefndi hafði hafnað sáttatilboði, sem undir hann hafði verið borið, hóf hann utan dagskrár ræðuhöld í réttinum, og tókst dómara ekki að stöðva hann þrátt fyrir tilraunir í þá átt. Dómarinn greip því til þess ráðs að víkja honum úr þinghaldinu, sbr.

1. mgr. 39. gr. laga nr. 85/1936. Réttarhaldi var síðan slitið, og skrifuðu lögmenn báðir undir í þingbók, athugasemdalaust.

Þann 14. maí 1975 barst dómara bréf frá lögmanni stefnda, Hilmar Ingimundarsyni, þar sem hann fyrir hönd umbjóðanda síns kærir til Hæstaréttar meðferð dómarsins á málinu og vísar í því sambandi til 2. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt. Tilkynnir hann þar, að fyrir Hæstarétti muni umbjóðandi hans gera þá kröfu, að dómaranum verði veitt áminning eða hann dæmdur í sekt til ríkissjóðs. Segir í bréfinu, að kæra þessi sé til komin vegna meðferðar dómarsins á málinu í þinghaldi 7. þess sama mánaðar. Segir lögmaðurinn, að umbjóðandi hans telji, að dómariinn hafi með framkomu sinni í réttarhaldinu sýnt sér ókurteisi og beina óvild og muni því næst, þegar málið verði tekið fyrir, gera kröfu til þess, að hann víki sæti í málinu, með vísan til 7. t. 36. gr. laga nr. 85/1936.

Dómaranum þótti sem ýmislegt það, sem í bréfi hæstaréttar-lögmannsins sagði, vera misvísandi, svo ekki sé meira sagt, og var sem lögmaðurinn gerði ýmsar af skoðunum umbjóðanda síns að sínum, og þótti leitt að taka upp deilur við lögmanninn og spilla þannig áralöngu ágætu samstarfi við hann, tók hann það til bragðs að gefa lögmanninum kost á að leiðrétta missagnir í kærinni eða draga hana til baka og sendi honum því bréf 14. maí 1975 og endursendi kærana þar með. Í lok bréfsins segir: „Þá skal þess getið, að umbjóðandi yðar er mér að öllu óþekktur, svo ég get tæpast borið óvild eða hlýhug til hans. Hins vegar erum við tveir vel kunnugir og höfum unnið árekstralaust saman að mörgum málum fram að þessu, og vil ég því biðja yður að íhuga kæru þessa betur. Að öðrum kosti verð ég að íhuga, hvað ég eigi að gera í málinu, því tæpast ætlist þér til, að ég sitji þegjandi undir slíkum áburði og felst í kæru yðar. Viljið þér halda fast við kærana, bið ég yður að senda mér kæru að nýju“.

Dómariinn frétti næst til þessa máls úr Hæstarétti, og hafði þá stefndi sjálfur án aðstoðar lögmannsins kært dómaraann fyrir Hæstarétti. Er sú kæra dags. 2. júlí 1975.

Dómariinn lét Hæstarétti í té kæru lögmannsins og bréf sitt til hans, en hlutaðist ekki til um málið að öðru leyti.

Hæstiréttur kvað upp dóm í málinu þann 17. október 1975. Í endurriti af þeim dómi kemur fram, að Sigurður Jónsson hefur fyrir Hæstarétti krafist þess, að dómaranum væri veitt áminning eða hann verði dæmdur í sekt til ríkissjóðs, og jafnframt að hann verði víttur fyrir meðferð sína á kærumálinu. Í forsendum Hæsta-

réttar fyrir dóminum segir: „Svo sem að framan er rakið, endursendi varnaraðili lögmannni sóknaraðilja kærubréf hans, en afgreiddi eigi kærana til Hæstaréttar ásamt lögmaeltum gjöldum, svo sem honum bar, sbr. 24., 27. og 28. gr. laga nr. 75/1973. Þegar þess er gætt, verður að telja, að kærana hafi komið fram nægilega tímanlega, sbr. 22. gr. laga nr. 75/1973. Svo sem kæruefni þessu er háttað, er kæra heimil samkvæmt lokaákvæði 21. gr. laga nr. 75/1973. Skýrslu sóknaraðilja um framkomu varnaraðilja á bæjarþingi Reykjavíkur er andmælt efnislega af varnaraðilja. Skýrsla þessi er ekki studd neinum gögnum. Er því eigi sannað, að varnaraðili hafi sýnt af sér óviðurkvæmilega háttsemi á dómþingi 7. maí 1975, svo sem sóknaraðili ber honum á brýn. Þegar af þessari ástæðu er eigi efni til að taka til greina kröfur sóknaraðilja í máli þessu“.

Í þinghaldi þann 9. janúar sl. lýsti lögmaður stefnda, Sigurðar Jónssonar, því yfir, að umbjóðandi hans hefði falið sér að krefjast þess, að dómariinn víki sæti í málinu. Lagði hann fram í því sambandi kæru lögmannsins, dags. 14. maí 1975, bréf dómarsins til lögmannsins, dags. sama dag, og kæru stefnda til Hæstaréttar, dags. 2. júlí 1975, og úrskurð Hæstaréttar, dags. 17. október 1975. Lögmaðurinn kvaðst byggja kröfu þessa á 7. tl. 36. gr. laga nr. 85/1935 um meðferð einkamála í héraði. Lögmaður stefnanda kvaðst andmæla gerðri kröfu stefnda. Málinu var síðan frestað til munnlegs flutnings um þessa kröfu. Í þinghaldi þann 13. janúar sl. var málið sótt og varið um framkomna kröfu Sigurðar Jónssonar um, að dómariinn víki sæti í málinu. Sigurður lagði fram vottorð Guðlaugs Einarssonar hæstaréttarlögmanns máli sínu til stuðnings. Lögmaður stefnanda mótmælti þessu vottorði sem röngu, en ekki sem óstaðfestu. Vottorðið varðar einkasamtal Guðlaugs og lögmanns stefnanda. Kröfu sína byggir stefndi á 7. tl. 36. gr. laga nr. 85/1936, og auk þess vitnar hann til úrskurðar Hæstaréttar frá 17. október sl., en telur, að þar komi fram, að dómariinn hafi misfarið með afgreiðslu kæru sinnar til Hæstaréttar. Af þessu leiði, að dómariinn fái ekki litið óhlutdrægt á málið. Lögmaður stefnanda mótmælti framkominni kröfu Sigurðar Jónssonar og taldi hana út í bláinn og eingöngu fram komna til að draga málið.

Álit dómsins.

Stefndi byggir kröfu sína um, að dómariinn víki sæti, á 36. gr. laga nr. 85/1936, 7. tl. Ákvæðið segir, að dómari eigi að víkja sæti, ef hann er: Óvinur aðilja, eða málið varðar hann eða vensla-

menn hans verulega fjárhagslega eða siðferðilega, eða annars er hætt á því, að hann fái ekki litið óhlutdrægt á málið. Samkvæmt málflutningi stefnda mun það vera eingöngu fyrsta og síðast-talda atriðið, sem hann telur, að hér eigi við. Rök hans fyrir því, að dómari sé honum óvinveittur, eru, að hann hafi vikið honum úr þinghaldi í þessu máli. Báðir aðiljar þessa máls eru dómara-
 anum algerlega ókunnugir, og agavarsla dómara í þinghöldum getur ekki gert hann vanhæfan til að fara með mál. Þannig getur þessi fyrrnefnda ástæða ekki leyst dómara undan því að fara með mál þetta. Þá hefur því verið haldið fram, að dómari hafi misfarið með kæru stefnda til Hæstaréttar og sé því hætt á, að hann fái ekki litið óhlutdrægt á málið. Í þessu sambandi vitnar stefndi til dóms Hæstaréttar frá 17. október sl., svo sem að framan er rakið. Í máli þessu fer stefndi fram á það, að dómari sé víttur fyrir meðferð sína á kærumálinu m. a. Niðurstaða Hæstaréttar í heild er sú, að ekki séu efni til að taka til greina kröfur stefnda og þá m. a. um þetta atriði. Það liggur enda fyrir í málinu skjalfest, að dómari býður lögmanni stefnda, Hilmar Ingimundar-syni hæstaréttarlögmanni, að senda sér kæru að nýju, sbr. niður-lag bréfs dómara frá 14. maí 1975. Hefði það verið gert, hefði dómari auðvitað afgreitt kærana til Hæstaréttar, svo sem honum bar. Hvers vegna þetta var ekki gert, fyrst stefndi vildi halda fast við kæru sína, er dómara ókunnugt. Með þetta í huga verður að skilja forsendur Hæstaréttar, sem reifaðar eru hér að framan, sem rökstuðning réttarins fyrir formlegri fyrirtöku málsins í Hæstarétti.

Af þessu leiðir, að ekki liggur nokkuð það fyrir, sem réttlætt getur það, að dómari fari að skorast undan því að fara með málið. Krafa stefnda verður þannig ekki tekin til greina.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp dóm þennan.

Úrskurðarorð:

Dómari málsins, Hrafn Bragason, vikur ekki sæti.